

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 7/2007

Kæra Góu-Lindu sælgætisgerðar ehf. 6. júlí 2007 nr. 14/2007.

1. Þann 26. október 2007 er tekið fyrir málið nr. 7/2007: Kæra Góu-Lindu sælgætisgerðar ehf. á ákvörðun Neytendastofu 26. júní sama árs [nr. 14/2007](#). Í málinu úrskurða Ása Ólafsdóttir, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 6. júlí 2007, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu, dags. 26. júní sama árs, um að Góa-Linda sælgætisgerð ehf. hafi með markaðssetningu Karamelludýranna frá Góu brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005 og bannað honum að nota orðið Karamelludýr og að framleiða sælgæti með sama útliti og Karmelludýr Mónu.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 5/2007 frá 30. júlí 2007 var ekki fallist á kröfu áfrýjanda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar Neytendastofu.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi Mónu til Samkeppnisstofnunar, dags. 22. október 2002, var kvartaði yfir framleiðslu og markaðssetningu kæranda (Góu-Lindu sælgætisgerðar ehf.) á sælgætinu Karamelludýrin frá Góu en Móna hafði frá árinu 1999 framleitt karamellufyllt súkkulaðidýr, svokölluð Karamelludýr. Eftir að kvörtun Mónu barst kom upp ágreiningur meðal aðila um umsókn kæranda um skráningu á vörumerkinu Karamelludýrin frá Góu (orð- og myndmerki). Lauk honum með ákvörðun Einkaleyfastofu 13. febrúar 2004 í andmælamáli nr. 6/2004, með því að skráning vörumerkisins skyldi halda gildi sínu.
5. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu hinn 18. febrúar 2005 í máli nr. 3/2005 að kæranda væri óheimilt að nefna sælgætið Karamelludýr. Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 7/2005 hinn 17. maí 2005 var ákvörðun ráðsins vísað til Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til meðferðar og ákvörðunar að nýju. Í úrskurðinum segir að ákvörðun samkeppnisráðs byggji á því að sælgætisframleiðendurnir deili eingöngu um heitið Karamelludýr. Hins vegar hafi komið fram í máli Mónu að nauðsynlegt sé að fram fari heildarmat á markaðssetningu kæranda á Karamelludýrunum. Kvörtunarefni málsins hafi frá upphafi ekki aðeins náð til notkunar og réttar yfir heitinu Karamelludýr á framleiðsluvörur fyrirtækjanna heldur einnig til notkunar vörumerkisins (orð- og myndmerkisins) við framleiðslu og markaðssetningu þeirra vara sem hér um ræðir, t.d. í tengslum við form þeirra og umbúðir. Taldi nefndin nauðsynlegt að bæði þessi

atriði yrðu rannsökuð og ákvörðuð í einu lagi svo að glögg mynd fengist af réttarstöðu keppinautanna. Neytendastofa tók við málinu 1. júlí 2005.

6. Með bréfi Samkeppnisstofnunar til kæranda, dags. 30. maí 2005, var með vísan til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála óskað sérstaklega eftir sjónarmiðum og athugasemdum kæranda um form og umbúðir sælgætisins. Í bréfi kæranda, dags. 9. júní 2005, segir að hann telji ekki heimild fyrir því að málið hefjist að nýju þar sem ekkert nýtt hafi komið fram í málinu. Kæra Mónu virðist ekki hafa þjónað neinum öðrum tilgangi en að hamla eðlilegri samkeppni. Móna eigi ekki einkarétt á orðinu Karamelludýr eða lögun súkkulaðidýranna. Í úrskurði Einkaleyfastofu í andmælamáli nr. 6/2004 hafi því verið hafnað að orðið Karamelludýr væri nægilega sérkennandi til að veitta einkaréttur á notkun þess. Noti kærandi orðið með greini en Móna án greinis og þannig séu orðin skráð í vörumerkjaskrá. Algengt sé að sælgæti sé mótað sem dýr. Lögun dýranna sé mótuð eftir algengum formum og geti Móna ekki átt einkarétt á því að framleiða sælgæti eftir formunum. Þá séu á markaðnum innflutt súkkulaðidýr framleidd í sömu formum. Forsendur þess að fá einkarétt á lögun vöru séu þær sömu og forsendur einkaréttar á orðum, þ.e. lögunin verði að vera sérkennandi og gerðar séu meiri kröfur um sérkenni á lögun vöru í framkvæmd en þegar um orð sé að ræða. Þrívíð vörumerki öðlist sjaldnar sérkenni en aðrar tegundir vörumerkja.
7. Þá séu umbúðirnar gerólíkar. Þær eigi það eitt sameiginlegt að vera ferhyrndar. Grunnlitur umbúða kæranda sé rauður en á þeim sé einnig brúnn, grænn, hvítur, svartur og gulur litur. Dýrin á umbúðunum séu rauð, brún, gul, svört og hvít og glöð og kát. Á kassann sé ritað með áberandi hætti Karamelludýrin frá Góu. Grunnlitur umbúða Mónu sé gulur og dýrin líkari raunverulegum dýrum og séu á bleikum loftbelg sem skreyttur sé ýmsum þjóðfánum. Bleikt sirkustjald sé á hliðum umbúðanna með skrautfánum og dýrum. Á þær sé ritað í tveimur orðum Karamelludýr. Þá séu umbúðir Mónu stærri en kæranda og ekki sé samræmi milli dýrategundanna í kössunum, þar sem fleiri dýr séu í pökkum Mónu en í pökkum kæranda. Einnig séu dýrin ólík á bragðið þar sem ekki sé notuð sama uppskrift af súkkulaði og karamellufyllingin sé ekki sú sama.
8. Bréf kæranda var sent Mónu til umsagnar með bréfi 13. júní 2005. Í bréfi Mónu, dags. 12. júlí 2005, eru ítrekuð þau rök sem fram komu í fyrri málsmeðferð. Ekki sé verið að hamla eðlilegri samkeppni, heldur hagnýti kærandi sér vöruþróun, viðskiptavild og vinsældir Karamelludýra Mónu og fari slíkt í bága við 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005. Líti vörurnar eins út og það valdi ruglingshættu fyrir neytendur. Komi mismunandi uppskrift af súkkulaði og karamellufyllingu ekki að haldi þar sem ekki fari fram bragðprófanir áður en neytendur kaupi vöruna. Þá segir að ruglingshætta sé fyrir hendi þó að umbúðirnar séu ekki nákvæmlega eins útfærðar. Hafi neytendur sjaldnast báðar pakkningarnar fyrir framan sig og verði þeir að geta greint á milli án þess að þurfa að hafa þær fyrir framan sig. Í þessu felist ruglingshættan.
9. Með bréfi, dags. 14. júlí 2005, var bréf Mónu sent kæranda til umsagnar. Í bréfi kæranda, dags. 21. júlí 2005, eru ítrekaðar fyrri athugasemdir um að kæra Mónu sé einungis til þess fallin að koma í veg fyrir eðlilega samkeppni. Hér sé um venjuleg sælgætismót að ræða, almennt lýsandi orð og umbúðirnar séu ólíkar. Formin séu seld um allan heim og fleiri selji súkkulaði sem mótað er í þessum formum. Er vísað til gagna málsins um það hversu ólíkar umbúðirnar eru.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

10. Með ákvörðun nr. 14/2007 frá 26. júní 2007 komst Neytendastofa að því að kærandi hafi með markaðssetningu Karamelludýranna frá Góu brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 og bannaði honum að notka orðið Karamelludýr og að framleiða sælgæti með sama útliti og Karmelludýr Mónu. Í ákvörðuninni kemur fram að báðir málsaðilar hafi skráð vörumerki sín (orð- og myndmerki) hjá Einkaleyfastofu, þ.e. annars vegar eigi Móna skráð merkið Karamelludýrin og hins vegar eigi kærandi merkið Karamelludýrin frá Góu. Óumdeilt sé í málinu að Móna hafi verið fyrri til með framleiðslu og skráningu Karamelludýra árið 1999 en kærandi hafi skráð vörumerki sitt fyrst eftir að málið hófst hjá Samkeppnisstofnun eða í nóvember 2002. Báðir málsaðilar eigi því rétt til auðkenna sinna í skilningi 2. másl. 12. gr. laga nr. 57/2005. Athuga þurfi hvort auðkennin geti leitt til þess að villst verði á þeim.
11. Neytendastofa segir um vörumerkin í heild, sem orð- og myndmerki, eins og þau eru skráð hjá Einkaleyfastofu, að telja verði að þau séu það ólík að ekki sé ruglingshætta af þeim sem slíkum. Í þessu máli sé ekki fjallað um vörumerkjarétt heldur sé um að ræða sérreglu 2. másl. 12. gr. laga nr. 57/2005 sem taki til þess hvort notkun auðkennis þess sem seinna byrji notkun sé með þeim hætti að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þannig sé ljóst að mörg þeirra auðkenna sem komi til kasta 12. gr. myndu ekki fást skráð sem orðmerki þar sem þau séu almenn orð eða lýsandi fyrir starfsemi. Ákvæði greinarinnar taki til þess hvort notkun auðkennis veiti upplýsingar sem valdi ruglingi eða leiði til þess að villst verði á fyrirtækjum eða vörum þeirra. Bæði vörumerkin innihaldi orðið Karamelludýr sem sé lýsandi fyrir sælgætistegundina sem Móna hóf framleiðslu á, þ.e. súkkulaði með karamellufyllingu mótað í lítil dýraform. Á sama hátt sé orðið lýsandi fyrir vöruna sem keppinauturinn, kærandi, hafi hafið framleiðslu á nokkrum árum seinna. Það sé ekki nægjanlegt til aðgreiningar frá vöru keppinautar að bæta eingöngu við orðunum „frá Góu“. Slíkt sé til þess fallið að valda ruglingi, til þess að neytendur villist á vörunum og gefi til kynna að um tengsl sé að ræða á milli keppinautanna. Að mati Neytendastofu brjóti notkun kæranda á orðinu Karamelludýr því í bága við ákvæði 2. másl. 12. gr. laga nr. 57/2005.
12. Neytendastofa segir um form sælgætisins að Móna hafi hafið framleiðslu Karamelludýranna á undan kæranda og valið til þess lítil form í líki dýra. Þar sem sælgætið sé framleitt í eins mótum séu þau útlitslega nákvæmlega eins og ekki þekkjánleg hvort frá öðru fyrir almenna neytendur. Þegar keppinautur hefji framleiðslu sælgætis með nákvæmlega sama útliti og nafni og þegar sé fyrir á markaðnum valdi slíkt ruglingshættu í skilningi 12. gr. laga nr. 57/2005.
13. Neytendastofa kveður umbúðir sælgætis málsaðila hafa breyst frá því að málið kom fyrst til kasta Samkeppnisstofnunar. Umbúðirnar séu ólíkar og ekki til þess fallnar að valda ruglingi í skilningi 12. gr. laga nr. 57/2005. Þess beri þó að geta að sælgætið komi neytendum yfirleitt aldrei fyrir sjónir í kassavís heldur sé um að ræða sælgæti sem í flestum tilvikum sé selt í stykkjatali og þá sé það ekki greinanlegt hvort frá öðru fyrir almenna neytendur.
14. Neytendastofa telur að kærandi hafi með því að velja sælgæti sínu sama nafn og útlit og keppinauturinn hafði áður gert brotið í bága við ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu að

sælgæti málsaðila heiti í reynd sama nafni, líti eins út og að þar sem umbúðir þess hafi takmarkað gildi þar sem sælgætið sé alla jafnan selt í lausu telji Neytendastofa að markaðssetning Góu-Lindu á Karamelludýrunum frá Góu brjóti gegn 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

15. Í kæru, dags. 26. júlí 2007, krefst kærandi þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
16. Kærandi vísar um rökstuðning til bréfs frá 9. júní 2005, sem áður er rakið er í kaflanum um málavexti. Í hnotskurn séu rökin þessi: Móna eigi ekki einkarétt á orðinu Karamelludýr, sbr. úrskurð Einkaleyfastofu frá 13. febrúar 2004. Hvorki Móna né kærandi eigi einkarétt á lögun dýranna sem mótuð séu í formum sem seld séu á almennum markaði út um allan heim. Enginn geti átt einkarétt á umræddri lögun dýranna þar sem hún sé ekki sérkennileg í skilningi vörumerkja- og/eða samkeppnislaga. Á þessu viðskiptasviði sé mjög algengt að forma súkkulaði sem dýr auk þess sem umbúðir aðila eru gerólíkar.
17. Enn fremur gerir kærandi athugasemd við þá fullyrðingu Neytendastofu að ekki sé fjallað um vörumerkjarétt í málinu. Af þessu megi draga þá ályktun að stjórnvaldið telji að krafan um sérkenni sem forsendu einkaréttar eigi ekki við. Þessi ályktun byggist ekki á 12. gr. laga nr. 57/2005. Bendir kærandi á að regla vörumerkjalaga um sérkenni sé komin úr samkeppnisrétti og því styðjist þessi skýring Neytendastofu ekki við lög.
18. Þá byggir kærandi á því að Neytendastofa geti ekki bannað kæranda að nota vörumerki sem þegar sé skráð í vörumerkjaskrá með því að vísa til 12. gr. laga nr. 57/2005. Merkið hafi verið skráð á þeirri forsendu að orðið karamelludýr skorti sérkenni, sbr. 15. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki. Kærandi tekur fram að þau form, sem um ræði í málinu, séu notuð af fjölmörgum framleiðendum sælgætis og séu þau seld um allan heim. Aðilar málsins séu ekki þeir einu sem selji súkkulaði hér á landi með umræddu formi. Þá bendir kærandi á að ekki sé algert samræmi á milli dýranna í pökkum aðila þar sem fleiri dýr séu í pökkum Mónu en í pökkum kæranda. Dýrin séu ólík á bragðið þar sem ekki sé notuð sama uppskrift í súkkulaðið og karamellufyllingin ekki sú sama.
19. Með bréfi, dags. 9. júlí 2007, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Greinargerð Neytendastofu barst nefndinni með bréfi 23. ágúst 2007. Neytendastofa krefst þess að ákvörðun hennar nr. 14/2007 verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerð Neytendastofu segir að í málinu sé ekki fjallað um vörumerkjarétt heldur sérreglu 12. gr. laga nr. 57/2005. Hún sé almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna. Í greininni felist tvær efnisreglur. Hafi fyrri málsliður greinarinnar að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. vörumerki eða firmanafn, sem annar eigi. Í seinni málslið sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkennið á þann hátt að leitt gæti til þess að villst yrði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.
20. Neytendastofu segir að um mat á því hvort 12. gr. fyrrgreindra laga verndi auðkenni fari að einhverju leyti eftir sömu sjónarmiðum og þegar sérkenni vörumerkja séu metin. Þó sé ljóst að sum auðkenni, sem njóti verndar 12. gr., njóti ekki verndar vörumerkjalaga, enda sé ákvæðið til

yllingar þeim lögum og geti komið til þar sem vernd samkvæmt vörumerkjalögum sleppi, en feli ekki í sér sjálfstæða vernd einkaréttinda. Hafi ákvæðið fyrst og fremst það markmið að vernda atvinnurekanda gegn því að villst verði á auðkenni hans og öðru einkenni sem notað sé í atvinnurekstri eða að aðrir nýti sér viðskiptavild sem auðkennið hafi aflað. Þá verði einnig að líta til sjónarmiða neytenda og meta ruglingshættu út frá því hvort auðkenni atvinnurekenda séu svo lík að neytandi geri sér ekki grein fyrir því um hvort auðkennið sé að ræða. Hafi Neytendastofa bannað fyrirtækjum að nota auðkenni sem þau hafi réttilega skráð og notað með réttu, telji stofnunin notkun fyrirtækis valda ruglingshættu, enda komi beinlínis fram í 2. másl. 12. gr. að ákvæðið nái til slíkra tilvika. Orðið Karamelludýr sé lýsandi fyrir þá vöru sem um ræði en um leið einkennandi fyrir vöru Mónu. Ekki sé nægilegt til aðgreiningar frá vöru keppinautar að bæta við eingöngu orðunum „frá Góu“. Það sé til þess fallið að valda ruglingi og gefa til kynna að tengsl séu milli fyrirtækjanna. Því brjóti notkun kæranda á orðinu Karamelludýr í bága við 2. másl. 12. gr. laga nr. 57/2005.

21. Neytendastofa hafnar því að ákvörðun hennar hafi verið samkeppnishamlandi. Hafi kæranda ekki verið bannað að framleiða karamellufyllt súkkulaðidýr heldur hafi kæranda verið bannað að nota sömu mót og sama heiti og keppinautur.
22. Með bréfi, dags. 30. júlí 2007, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn Neytendastofu. Athugasemdir kæranda bárust með bréfi, dags. 10. ágúst 2007. Þar er tekið fram að sú fullyrðing Neytendastofu að um mat á því hvort 12. gr. laga nr. 57/2005 verndi auðkenni fari að einhverju leyti eftir sömu sjónarmiðum og þegar sérkenni vörumerkja eru metin. Þessa fullyrðingu telur kærandi hvergi eiga sér stoð. Við mat í þessum efnum beri að beita sömu sjónarmiðum og í vörumerkjarétti.
23. Með bréfi, dags. 17. ágúst 2007, var Mónu gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum við kæru kæranda frá 26. júní 2007. Í bréfi Mónu til áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 26. ágúst 2007, var þess krafist að hin kærða ákvörðun yrði staðfest. Er vísað til fyrri rökstuðnings og tekið undir sjónarmið Neytendastofu í málinu.

NIÐURSTAÐA

24. Í þessu máli er deilt um notkun orðsins Karamelludýr um sælgæti, form sælgætisins og umbúðir þess. Í málinu liggja fyrir ítarlegar greinargerðir aðila þar sem rakin eru sjónarmið þeirra frá því að málið kom fyrst til kasta Samkeppnisstofnunar á árinu 2002. Eru helstu sjónarmið aðila rakin hér að framan í umfjöllun um málsmeðferð, bréf aðila og úrskurði sem fallið hafa í málinu.
25. Eins og fram kemur í ákvörðun Neytendastofu hafa málsaðilar báðir skráð vörumerki sín (orð- og myndmerki) hjá Einkaleyfastofu. Móna hefur skráð merkið „Karamelludýrin“ en kærandi hefur skráð merkið „Karamelludýrin frá Góu“. Ekki verður á það fallist með kæranda að Neytendastofa geti ekki bannað honum að nota vörumerki sem þegar sé skráð í vörumerkjaskrá en merkið hafi verið skráð á þeirri forsendu að orðið karamelludýr skorti sérkenni, sbr. 15. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki. Í 2. másl. 12. gr. laga nr. 57/2005 kemur skýrt fram að reglan taki til þeirra tilvika er aðili notar auðkenni „sem hann á tilkall til“ ef það er notað með þeim hætti að villst verði á því

og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Fyrir liggur að Móna var fyrri til með framleiðslu Karmelludýranna árið 1999 og skráði vörumerki sitt á undan kæranda. Af þessu leiðir að báðir aðilar eiga rétt til auðkenna í skilningi 2. málsl. 12. gr. laga nr. 57/2005, eins og rakið er í ákvörðun Neytendastofu. Ákvæði 12. gr. laga nr. 57/2005 er sérregla á samkeppnissviði, eins og áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur áður staðfest. Ljóst má vera að mörg þeirra auðkenna sem falla undir 12. gr. laga nr. 57/2005 myndu ekki fást skráð sem orðmerki, þar sem þau geta til að mynda verið almenn orð eða lýsandi fyrir starfsemi. Sá þáttur er ekki til úrlausnar hér heldur hvort notkun tiltekins auðkennis veiti upplýsingar, sem valdi ruglingi hjá neytendum, gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða leiði til þess að villst verði á merkjum. Af öllu þessu leiðir að Neytendastofa getur gripið til aðgerða ef aðili notar auðkenni sem hann á tilkall til með þeim hætti að villst verði á því og auðkenni samkeppnisaðila.

26. Af framangreindu leiðir jafnframt að áfrýjunarnefnd neytendamála getur ekki fallist á þá málsástæðu kæranda að ákvörðun Neytendastofu feli í sér brot á lögum um stjórnsýsluréttar. Ákvörðun Neytendastofu styðst við lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Ákvæði 5. og 12. gr. fela í sér vísireglur sem skírskota til mælikvarða sem Neytendastofu ber að styðjast við við úrlausn máls. Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli þessara reglna verður að túlka þær, m.a. með tilliti til þeirra lögskýringargagna og helstu fordæma sem fyrir liggja. Ekki verður annað ráðið af ákvörðun Neytendastofu en að þetta hafi verið gert.
27. Í niðurstöðu ákvörðunar Neytendastofu er lýst vörumerkjum aðila eins og þau voru skráð hjá Einkaleyfastofu. Fallast verður á það mat Neytendastofu að vörumerkin í heild, sem orð- og myndmerki, eins og þau eru skráð hjá Einkaleyfastofu, séu það ólík að ekki sé ruglingshætta af þeim sem slíkum. Eins og fram kemur í niðurstöðu ákvörðunar Neytendastofu fela vörumerki aðila bæði í sér lýsandi orð fyrir þá sælgætistegund sem Móna hóf framleiðslu á, nánar tiltekið súkkulaði með karamellufyllingu mótað í lítill dýraform. Fallast verður á það mat Neytendastofu að ekki sé nægilegt til aðgreiningar frá vöru keppinautar að bæta eingöngu við orðunum „frá Góu“. Með vísan til þess sem áður er rakið ræður ekki úrslitum hér hvort orðið karamelludýr sé lýsandi heldur hvort notkun kæranda á orðinu í tengslum við framleiðslu og markaðssetningu vöru sinnar sé til þess fallin að villst verði á auðkennum kæranda og Mónu. Er því fallist á þá niðurstöðu Neytendastofu að notkun kæranda á orðinu Karamelludýr brjóti í bága við ákvæði 2. málsl. 12. gr. laga nr. 57/2005.
28. Í niðurstöðu ákvörðunar Neytendastofu er því lýst að sælgæti aðila sé framleitt í eins mótum og líti eins út. Sælgætið aðila sé því ekki þekkjanlegt hvort frá öðru fyrir almenna neytendur. Verður að telja að þegar keppinautur hefur framleiðslu sælgætis með nákvæmlega sama útliti og álíku nafni og þegar er fyrir á markaðnum, valdi slíkt ruglingshættu í skilningi 2. málsl. 12. gr. laga nr. 57/2005. Að mati áfrýjunarnefndarinnar þykir ekki skipta máli hér að kærandi býður upp á færri tegundir karamellufylltra súkkulaðidýra en Móna.
29. Í niðurstöðu ákvörðunar Neytendastofu er umbúðum sælgætis aðila lýst og þær bornar saman. Áfrýjunarnefndin fellst á það mat Neytendastofu að umbúðir aðila séu ólíkar og ekki til þess fallnar að valda ruglingi í skilningi 2. málsl. 12. gr. laga nr. 57/2005. Aftur á móti kemur sælgætið

neytendum almennt ekki fyrir sjónir í kassavís heldur er um að ræða sælgæti sem í flestum tilvikum er selt í stykkjatali. Er sælgætið því ekki greinanlegt hvort frá öðru fyrir almenna neytendur við sölu og framboð þess.

30. Áfrýjunarnefndin fellst jafnframt á það mat Neytendastofu að með því að hafa valið sælgæti sínu sama nafn og útlit og Móna og með fyrrgreindri markaðssetningu sælgætisins, hafi kærandi brotið í bága við ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005, sem mælir svo fyrir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir séu tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda
31. Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er það niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar að markaðssetning kæranda á sælgæti undir nafninu Karamelludýrin frá Góu sé í andstöðu við 5. og 2. máls. 12. gr. laga nr. 57/2005. Ákvörðunarorð ákvörðunar Neytendastofu nr. 14/2007 verða því staðfest.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.